

4. desember 2014

Stjórnarfundur Foreldrafélags Kelduskóla

Kelduskóli Korpa

Mættar: Olga, Kristín Valsd., Kristjana, Sigríður, Ásta (ritari)

Jólaganga

Skipulagning jólagöngu hefur gengið vel. Það hefur þó verið töluverð vinna að koma þessu öllu saman, en búið er að manna öll hlutverk. Núna vantar bara sjálflysandi vesti og hafa foreldrar verið beðnir um að taka slík með sér ef þau eiga.

7. bekkur verður með köku- og pizzusölu í jólagöngunni. Gott er að auglýsa þetta vel, þ.a. fólk geti gert ráðstafanir. Talað um að senda auglýsinguna fljótlega og ítrekun síðar. Í ítrekuninni væri hægt að auglýsa veitingarnar með meiri nákvæmni.

Nefnt var að það gæti verið góður kostur að selja flatkökur með hangikjöti á jólagöngunni. Jafnvel væri hægt að smyrja þær jafnóðum. E.t.v. væri svo hægt að selja heila afgang flatkökupakka í lokin sem fjáröflun.

Vöflukaffið

Foreldrafélagið mun kaupa pappadiska fyrir vöflukaffið, þar sem ekki eru nógu margir diskar til í skólanum. Olga ætlar að fá að vita hjá Árnýju hvað það vantar marga diska. Reyndar er gott að eiga pappadiska á lager til seinni nota. T.d. á vorhátíð, en jafnvel fyrir bekkjarkvöld.

Keppnisbúningar

Olga hefur ýtt á eftir þessu máli og eru nú komin svör. Um er að ræða 120 bolir. Komið er tilboð upp á 550 krónur á bol. Olga bar þetta upp til samþykktar á fundinum og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að foreldrafélagið muni greiða fyrir endurmerkingu keppnisbúninga skólans.

Fundartímar á næsta ári

Eftirfarandi fundartímar stjórnar á næsta ári voru ákveðnir:

Næsti fundur verður þriðjudagurinn 20. janúar í Vík kl. 20.

Eftir það verður stjórnarfundur og fulltrúaráðsfundur þriðjudaginn 24. febrúar í Korpu. Ákveðið var að láta stjórnarfundinn byrja kl. 18:30 og fulltrúaráðsfundurinn verður frá kl. 20.

Ákveðið var að sjá til með hvort við tökum næsta fund eftir það þann 24. mars eða hvort við tökum fund fljótlega eftir páska, (í byrjun apríl).

Önnur mál:

Ásta verður erlendis vikuna fyrir öskudaginn, sem hún og Sigrún munu skipuleggja. Ásta ætlar að reyna að haga skipulagningu þannig að allt sé búið fyrir þann tíma. Ætlar að heyra í Sigrúnu um hvort það gengur upp.

Rætt var um hvort foreldrafélagið myndi færa kennurunum glaðning morguninn 18. desember. Kristín ætlar að taka þetta að sér.

Foreldrafélagið hefur nýtt geymslur í Korpu og Vík. Nú er rætt hefur verið um að sameina þær og geyma dót foreldrafélagsins eingöngu í Korpu og fjarlægja dót úr geymslunni í Vík. Einnig þarf að kaupa plastkassa fyrir bingóspjöld, en hluti af bingóspjöldum er nú geymdur í pappakössum. Á fundinum fórum við í vettvangsferð í geymsluna í Korpu þar sem kom í ljós að í einhverjum tilvikum var óljóst um eignarhald einstakra kassa. Öllum kom saman um að nauðsynlegt væri að skipuleggja geymslumálin í samvinnu við starfsmenn skólans. Gott væri t.d. ef hægt væri að sérmerkja hillur í geymslunni fyrir foreldrafélagið. Olga ætlar að heyra í Árnýju um það hvernig er best að háttá þessum málum. Stefnt er á að koma geymslumálunum í lag í janúar.